

Áfangalýsing

Titill	Hársnyrting 4
Námsgrein	Hársnyrting
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HSNY3HG06
Staða	
Þrep	3
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HSNY3HG06
Lýsing	Nemandi geti samþætt kunnáttu og færni frá fyrri stigum náms til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við klippingu auk faglegs frágangs verks. Hann þjálfast enn frekar í samspili þessara þátta þannig að heildarmynd hæfi viðskiptavini hverju sinni. Verkin eru flest unnin á módelum og þjálfast neminn því í samskiptum við viðskiptavini og að ráðleggja þeim með tilliti til andlits og líkamsbyggingar. Einnig lærir hann að ráðleggja um val á mótunarvörum við hæfi. Efld er þekking á verklýsingum og að vinna eftir verklýsingum annarra. Nemandinn samþættir kunnáttu og færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við hárlitun auk faglegs frágangs verksins. Hann þjálfast í beitingu forlitunar, litaleiðréttingar og samspili hárlitar og klippingar þannig að heildarmynd hæfi viðskiptavini hverju sinni. Unnið er að mestu á módelum.
Forkröfur	HSNY2HG06
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mismunandi tískuklippingum og útfærslum á þeim. • ólíkum hármótunarefnum og áhrifum þeirra. • ýmsum hugtökum sem tengjast hárlitun. • mismunandi aðferðum og útfærslum við hárlitun. • ólíkum gerðum hárlita, notkun og umgengni við þá. • mismunandi samspili hárlitar og klippingar. • hvenær skal notast við forlitun. • hvernig meta skal hlutfall af gráu hári. • mikilvægi verklýsinga- og spjaldskrárgerðar.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • klippa fjölbreyttar klippinar/tískulínur á módeli út frá eigin hönnun. • klippa módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið. • gefa ráð um val á sídd, form og áferð klippingar með hliðsjón af líffræðilegum þáttum. • lita módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið. • blanda liti til litaleiðréttingar. • vita hvenær forlitunar er þörf. • lita æfingarhöfuð og módel út frá eigin verklýsingu. • greina náttúrlit og hlutfall grárar hára viðskiptavinar. • nota litaspjald sem hjálpartæki.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

	• beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum. • ráðleggja um form á klippingum með hliðsjón af líffræðilegum þáttum. • beita fjölbreyttum aðferðum og tækni við klippingu og þynningu. • ráðleggja um form á klippingum sem hæfa. • greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því. • blanda og beita saman ólíkum aðferðum við hárlitun. • þekkja liti til litaleiðréttingar og forlitunar. • gera strípur og mismunandi partalitanir. • gera verklýsingu og spjaldskrá fyrir viðskiptavin.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	